



Grein birt 31. desember 2010

Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir
og Jóhanna Einarsdóttir

Leikur – ritmál – tjáning Starfendarannsókn um aukið samstarf leikskóla og grunnskóla

Í þessari grein er sagt frá starfendarannsókn sem unnin var í leikskólanum Rauðaborg og í Selásskóla. Rannsóknin er hluti af starfendarannsókninni *Á sömu leið*, þar sem ætlunin var að stuðla að samstarfi kennara í leik- og grunnskólum, auka tengsl skólastiganna og skapa samfellu í námi ungra barna. Í þeim hluta verkefnisins sem hér er lýst var unnið með leik, tjáningu og ritmál á báðum skólastigum. Áhersla var lögð á að nýta leikaðstæður á markvissan hátt til að örva tjáningu barnanna og gefa þeim tækifæri til að fást við ritun. Helstu niðurstöður eru að með markvissum undirbúningi leikaðstæðna og íhlutun leikskólakennara og stuðningi er hægt að auka áhuga ungra barna á ritmáli og örva þau til að tjá sig.

Anna Magnea Hreinsdóttir er leikskólafulltrúi í Garðabæ, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir er leikskólakennari og Jóhanna Einarsdóttir er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Play – speech – early literacy

The study presented in this article took place in Rauðaborg playschool and Selásskóli primary school in Reykjavik. The study is a part of a larger action research project called *On the same path*, which aim was to create a partnership between prelayschools and primary schools and to promote educational continuity and flexibility in early childhood education. Play, speech and early literacy were the main topics of the part of the project that is described here. The aim of the study is outlined and examples from the work with the children given. The connection between education and play is discussed and the preparation of the project and the methods for data gathering described. Play situations were used systematically to enhance children's language and literacy. Findings indicate that by preparing play situations and giving children support in play children's interest in literacy and speech can be increased.

Inngangur

Verkefninu sem hér er lýst er hluti af starfendarannsókninni *Á sömu leið* sem var ætlað að stuðla að samstarfi kennara í leik- og grunnskólum, auka tengsl skólastiganna og skapa samfellu í námi ungra barna. Til að ná markmiðunum var farin sú leið að gefa leikskólakennurum og grunnskólakennurum í fyrstu bekkjum grunnskólans færi á að vinna saman til að öðlast sameiginlegan skilning á námi barna og þróa aðferðir sem henta báðum skólastigum. Verkefnið var samstarfsverkefni þriggja leikskóla og þriggja grunnskóla og rannsakenda við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (Jóhanna Einarsdóttir, 2010a). Í

Þeim hluta starfendarannsóknarinnar sem hér er lýst var unnið með leiki sem námsaðferð þar sem áhersla var lögð á að auka tjáningu barna, auðvelda flutning milli skólastiga og stuðla að byrjendalæsi. Gerð er grein fyrir markmiðum og ferli verkefnisins og gefin dæmi um þau viðfangsefni sem unnin voru með börnunum. Jafnframt er fjallað um tengsl leiks og náms og gerð grein fyrir undirbúning rannsóknarinnar og þeim aðferðum sem notaðar voru við gagnaoöflun. Starfendarannsókninni *Á sömu leið* er ekki lokið þótt formlegri gagnasöfnun á vettvangi sé að ljúka. Hér er ferli rannsóknarinnar og þeim verkefnum sem unnið var að lýst.

Leikur og nám

Þegar litið er til *Aðalnámskrár leikskóla* og *Aðalnámskrár grunnskóla* er ljóst að leikur skipa ólíkan sess á þessum skólastigum (Menntamálaráðuneytið, 1999, 2006). Í leikskólanum er frjáls leikur stór þáttur í starfseminni en í grunnskólanum fer frjáls leikur einkum fram í frímínútum en kennarastýrðir leikir sem þjálfar ákveðin atriði eru skipulagðir í kennslustofunni. Í gengum tíðina hafa hugtökin leikur og nám verið aðskilin í hugum fólks og oft hefur ekki verið litið á leik sem hluta af námsferli barna (Jóhanna Einarsdóttir, 2010b). Kennarar virðast þurfa að rökstyðja sérstaklega það nám sem fram fer í leik fyrir foreldrum og endurspeglar setningin „þau eru bara að leika sér“ lítið vægi leiks sem námsaðferða. Þó eru ákveðin rök fyrir því að nota leik í námi barna: leikur telst vera sú kennsluaðferð sem hentar ungum börnum best. Börn byggja upp þekkingu sína með könnunum og reynslu í samskiptum við félagasína og læra að verða sjálfstæðir námsmenn. Einnig gefur markviss leikjareynsla börnum tækifæri til að læra samskipti og umgengni við önnur börn (Johnson, Christie og Wardle, 2005).

Hefð er fyrir leik í leikskólum en fræðimenn og kennarar hafa velt fyrir sér hvort og hvernig væri hægt að nota leik barna sem kennsluaðferð í fyrstu bekkjum grunnskólans (Johnson og Pramling Samuelson, 2006). Hugtakið frjáls leikur er notaður innan leikskólans um leik barna án afskipta kennara en hugtakið kennarastýrður leikur um leik sem er stýrður af kennara, t.d. leikur með ákveðnum reglum. Nýtt heiti, kennslufræðilegur leikur (e. *educational play*) hefur skotið upp kollinum en þá er átt við að leikur sé nýttur sem námsleið með kennslufræðilegum markmiðum (Johnson, Christie og Wardle, 2005). Annars vegar er gengið út frá ákveðnu námsefni og námsskrá, þá kynnir kennarinn viðfangsefni eða skapar sameiginlega reynslu sem nýtist í leik. Hins vegar er gengið út frá leiknum, en þá fylgist kennarinn með, tekur þátt í leiknum og veitir því sem börnin fást við athygli og aðstoðar þau við að þróa leikinn áfram. Í báðum tilfellum er hlutverk kennarans að tengja leikinn ákveðnum námsmarkmiðum.

Áhyggjur hafa vaknað af stöðu leiks sem náms- og kennsluaðferðar fyrir elstu börn í leikskólum og yngstu börn í grunnskóla (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Í leikskólum er sum staðar farið að leggja áherslu á að undirbúa elstu börnin fyrir grunnskólann með hefðbundnum kennsluaðferðum og í grunnskólum er litið á leiki sem uppfyllingu og talið að lítil tími sé fyrir leik, leikrými af skornum skammti og að leikefni vanti (Johnson, Christie og Wardle, 2005; Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Til að auka vægi leiks er mikilvægt að stuðla að jákvæðari viðhorfum kennara til leiks og auka þekkingu þeirra á möguleikum leiks til náms. Kennarar þurfa að skrá nám barna í leik og gera það sýnilegt og styðja hver annan í að nýta sér leik í kennslu ungra barna. Jafnframt er mikilvægt að upplýsa foreldra um kosti leiks sem náms- og kennsluaðferðar (Johnson, Christie og Wardle, 2005). Með því að tengja byrjendalæsi, ritmál og tjáningu við leiki í rannsókninni var leitast við að skapa samfellu milli skólastiganna. Þannig verða kennsluaðferðirnar í grunnskólanum börnum kunnugleg og þeim gefið færi á að nýta þekkingu sína og reynslu úr leikskólanum.

Um starfendarannsóknina

Starfendarannsóknin *Á sömu leið* hófst á vormisseri 2009 með undirbúningi sem fólst í umræðum og fyrirlestrum um tengsl og samfellu milli skólastiganna. Um haustið var síðan hafist handa við að vinna að rannsókninni í þátttökuskólunum. Kennararnir prófuðu sig áfram og þróuðu viðfangsefni sem unnin voru með börnunum. Á mánaðarlegum fundum hittist hópurinn ásamt rannsakendum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Til að fylgjast með því sem gert var og skrá ferlið voru kennurunum kynntar ýmsar aðferðir til athugunar og skráningar. Skráðum heimildum var einnig haldið til haga og viðtöl voru tekin við kennarana í upphafi og í lok verkefnisins. Kennararnir *gerðu skriflegar* athuganir og skráðu á ákveðnum tímum og á meðan á ákveðnum verkefnum stóð. Rannsakendur frá Menntavísindasviði sáu einnig um skráningar. Kennararnir tóku í upphafi upp á *myndband* þætti úr starfinu, sem þeir voru ánægðir með, sem þeir síðan klipptu og sýndu hver öðrum. *Ljósmyndir* voru mikið notaðar til að sýna það sem gert var og þær breytingar sem áttu sér stað meðan á rannsókninni stóð. Kennurunum voru einnig afhentar *dagbækur* í upphafi rannsóknarinnar þar sem þeir gátu skráð á óformlegan hátt ígrundanir sínar og vangaveltur, breytingar, sem þeir gerðu á starfinu, viðhorf sín og hvernig þeim leið. Dagbókin nýttist síðar til að minna á hvernig aðstæðurnar voru í upphafi og hvernig þær breyttust. *Viðtöl* voru tekin við kennarana í upphafi verkefnisins. Umræður á sameiginlegum fundum þátttakenda voru teknar upp á segulband og afritaðar frá orði til orðs.

Um skólana

Leikskólinn Rauðaborg og Selásskóli eru staðsettir í sama hverfi og hefur á undanförunum árum komist á nokkur hefð um samstarf skólanna. Samstarfið hefur einkum falist í því að elstu börn leikskólans heimsækja grunnskólann reglulega veturinn áður en þau byrja í grunnskólanum og fá kynningu á starfsemi og skipulagi skólans. Fyrsti bekkur kemur einnig í heimsókn í leikskólann að hausti og er skipulag þeirrar heimsóknar oftast þannig að elstu leikskólabörnin og grunnskólabörnin leika sér saman um stund og syngja saman. Kennararnir hafa verið ánægðir með þetta samstarf en þegar þeim gafst færi á að taka þátt í starfendarannsókninni *Á sömu leið* þar sem markmiðið var að auka tengsl skólastiganna og skapa samfellu í námi ungra barna fannst þeim það kjörið tækifæri til að bæta samstarfið enn frekar. Fyrstu skref starfendarannsóknarinnar fólust í því að kennararnir kynntu og ígrunduðu eigið starf og tóku ákvörðun um hvaða þætti skólastarfsins þeir vildu einbeita sér sérstaklega að (Jóhanna Einarasdóttir, 2010a). Kennararnir í Selásskóla og Rauðaborg komu sér saman um að beina sjónum að leik, byrjendalæsi og tjáningu. Þeir vildu leggja áherslu á leiki sem náms- og kennsluáferð og skoða hvernig hægt væri að tengja leiki námsmarkmiðum byrjendalæsis.

Staðan í upphafi

Bæði í Rauðaborg og í Selásskóla hafði töluvert verið unnið með tjáningu áður en starfendarannsóknin fór af stað. Vinna með byrjendalæsi var ríkur þáttur í skólastarfinu í 1. bekk Selásskóla og í Rauðaborg var unnið að málörvun í gegnum námsefnið *Markviss málörvun* auk þess sem í samverustundum var mikið lesið fyrir börnin og unnið með rím, þulur og kvæði. Frjálsum leik hefur verið gefinn góður tími í leikskólanum en hann hafði töluvert minna vægi í grunnskólanum þar sem börnin léku sé einkum í frímínútum og stundum í lok kennsludags.

Starfsemin í Rauðaborg fer fram í opnu leikrými. Þegar frjálst val er samkvæmt skipulagi þá geta börnin valið sér leiksvæði hvar sem er í húsinu og skipt um þau í leiktíma. Börn frá öllum deildum tengjast og er félagaval því fjölbreytt og starfsfólk tengist börnum ekki einungis úr sinni deild (Leikskólinn Rauðaborg, 2010). Lögð er áhersla á að börnin geti valið sér viðfangsefni eftir áhuga sínum hverju sinni þó að alltaf séu fastir punktar í dag-skipulaginu, eins og til dæmis matar- og kaffitímar, hvíld, samverustundir og hópastarf.

Í Selásskóla hafa leikir töluvert verið notaðir sem kennsluáðferð, t.d. til að ýta undir áhuga á læsi og ritmáli. Um er að ræða skipulagða kennarastýrða leiki. Sem dæmi má nefna að börnin mynda stafina með líkamanum, tvö og tvö saman, kennarinn segir gátur sem börnin reyna að ráða, þau leira stafi og leika sér með sérhljóða og samhljóða. Börnin syngja líka saman og læra til dæmis vikudagana í gegnum söngva. Kennarinn hefur líka nýtt leiki við skipulag og stýringu, svo sem að bjóða börnunum að fara í röð eftir háralit, fötum og þess háttar.

Í Rauðaborg hefur ýmislegt verið gert til að æfa börnin í tjáningu. Þau koma til dæmis reglulega fram fyrir foreldra eða aðra í leikskólanum og flytja þulur eða syngja lög sem þau hafa æft. Einnig eru málfundir einu sinni í viku fyrir elstu börnin í Rauðaborg. Þar hefur verið unnið með námsefnið *Stig af stigi* sem er ætlað að þjálfar félags- og tilfinningaþroska barna jafnframt er notað tækifærið til að ræða um málefni sem koma upp í daglegu starfi barnanna. Á þessum málfundum læra börnin að tjá sig fyrir framan hópinn en einnig að taka tillit til hinna og hlusta á þá þegar þeir tjá sig. Í Selásskóla hefur einnig verið unnið með tjáningu á ýmsan hátt. Til dæmis koma börnin stundum með hluti að heiman og segja frá þeim fyrir framan bekkinn. Þau lesa líka sögurnar sínar, sem þau hafa unnið í heimavinnu, fyrir bekkinn í svokölluðum sögustól. Þá kemur allur bekkurinn saman og börnin setjast á þúða á gólfinu. Þau skiptast síðan á að setjast á stól fyrir framan bekkinn og lesa söguna sína.

Í Rauðaborg er margt sem ýtir undir læsi barnanna. Mikið hefur verið lesið fyrir börnin í samverustundum og þar læra börnin þulur og vísur og fara í leiki til að örva áhuga þeirra á ritmáli. Stafakubbar og stafapúsl hafa verið notuð með börnunum í hópastarfi. Í leik hafa börnin einnig haft aðgang að skriffærum og blöðum. Í Selásskóla er mikil áhersla á læsi í 1. bekk. Stafainnlögn er og hefur verið stór liður í náminu í 1. bekk og umhverfið í skólastofunni er mjög læsishvetjandi. Kennarinn leggur inn stafi, les sögur fyrir börnin og vinnur með orð úr þeim, börnin semja sögur, unnið er í *Markvissri málörvun*, ásamt því sem börnin læra þulur og kvæði.

Í Rauðaborg hefur á undanförunum árum verið unnið sérstaklega með elstu leikskólabörnunum í hópastarfi einu sinni í viku. Þar voru einkum unnin verkefni við borð þar sem áhersla var á ritmál og stærðfræði. Markmiðið með því var að börnin vendust því að vinna saman í stærri hóp en þau eru vön og jafnframt að kynna þau fyrir því sem þau mættu vænta í grunnskólanum. Auk áherslu á ritmál og stærðfræði var lögð áhersla á samskipti, samvinnu og tillitsemi sem og unnið var með úthald og einbeitingu barnanna. Fengist var við form, grunnliti, hugtök, tölur, magn og málörvun og fínhreyfingar þjálfaðar. Börnin fengu hvert sína möppu, liti og blýanta og voru hvött til snyrtilegs frágangs. Yfir veturinn söfnuðu þau vinnublöðum og öðrum verkefnum í möppuna sína (Leikskólinn Rauðaborg, 2010). Hópastarf elstu barnanna fór oftast þannig fram að kennararnir byrjuðu á að kynna viðfangsefnið fyrir börnunum, síðan fór fram umræða og samvinna þar sem börnin miðuðu þekkingu um viðfangsefnið sín á milli og að lokum unnu börnin einstaklingsverkefni við borð. Einnig var reglulega farið í vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans og söfn heimsótt. Síðan voru meðal annars sögur samdar í sögubókina um vettvangsferðirnar og það sem fyrir augun bar.

Undirbúningur

Í upphafi verkefnisins kynntu kennararnir hver fyrir öðrum hvernig þeir voru vanir að vinna með ritmál, tjáningu og leiki í skólunum. Í framhaldi af því hugleiddu þeir hvernig hægt væri að tengja á markvissan hátt leiki og ritmál á báðum skólastigum og á þann hátt skapa samfellu milli skólastiganna. Þeir fengu kynningu og lesefni um kennslufræðilegan leik eða leik sem leið í skólastarfi (Broström, 2005; Fabian og Dunlop, 2005; Jóhanna Einarsdóttir, 2010b; Lillemyr, 1995).

Kennararnir fengu einnig afhent spjöld þar sem skráð höfðu verið viðmið fyrir læsi og læsishvetjandi umhverfi (sjá *tölur 1 og 2*). Um er að ræða þýðingu sem unnin var af hópi evrópskra fræðimanna (Mellgren, Jensen, og Hansen, 2010). Viðmiðin eru hugsuð sem hvatning fyrir kennara til að átta sig á læsi í daglegu starfi skólans en ekki einungis í lestrar og skriftarverkefnum. Með því að átta sig á að börn læra um ritmálið í leik, skapandi starfi og samskiptum geta kennarar skapað ritmálsvænt umhverfi í stað hefðbundinna skólaverkefna.

Þannig verður ritmálið merkingarbært og tengist daglegu lífi barna og þeirra félagslega samhengi. Læsis viðmiðin eru flokkuð í þrenns konar viðfangsefni:

1. Að segja sögur – lestur
2. Teikning, skrift og krot
3. Leikur

Viðmiðin fyrir læsishvetjandi umhverfi beina sjónum að samskiptum, viðfangsefnum og umhverfi sem myndar grunn fyrir læsi. Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um þessi viðmið um samhengi þegar þeir skipuleggja viðfangsefni, gera athuganir og greina þær.

Tafla 1 Viðmið fyrir læsi	
Að segja sögur – lestur	
<ul style="list-style-type: none"> • Sýnir áhuga á – og/eða leikur sér með orð og/eða orðatiltæki • Hefur áhuga á – og/eða leikur sér með hrynjanda í tali • Segir frá persónulegri skoðun, ljósmynd, texta og/eða reynslu • Sýnir áhuga á – og/eða skilur og notar ný hugtök • Sýnir áhuga á – og/eða syngur lög og rímar • Setur fram spurningar og/eða röksemdir • Gerir sér grein fyrir merkjum og táknum • Tengir kennimerki (lógó) við merkingu 	<ul style="list-style-type: none"> • Vísar til hluta í umhverfinu • Setur orð á athafnir • Hlustar og tekur virkan þátt í sögustund • Umorðar og/eða veltir sögu fyrir sér • Fylgist með sögum sem önnur börn segja • Hefur áhuga á bókum • „Les“ bækur • Er forvitið um orð og bókstafi • „Leik-les“ (þykist lesa) • Þekkir rétta lesátt • Þekkir bókstafinn sinn og fjölskyldumeðlima og algeng orð (mamma, pabbi, afi, amma o.s.frv.)
Teikning – skrift – krot	
<ul style="list-style-type: none"> • Skrifar „leik-skrift“/„barna-skrift“ • Krotar í skriftarstíl • Skrifar algeng orð • Notar tölvutæk kennslugögn sem snúa að tungumáli og táknum (tölvuleiki tengda læsi) 	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifar á teikningar • Skrifar bókstafi/orð/setningar • Skiptir orðum í atkvæði • Skrifar með og á ólíkan efnivið • Teiknar sögur
Leikir	
<ul style="list-style-type: none"> • Tekur þátt í hlutverkaleik • Ýkir/leikur með sögu • Semur um hlutverk fyrir hlutverkaleik • Semur sögu/leik með leikföngum og öðrum efnivið 	<ul style="list-style-type: none"> • „Leik-skrifar“ í leik • „Leik-les“ í leik • Semur um og/eða þróar ramma leiksins • Byr til tákna og efnivið sem nota á í leiknum

Tafla 2
Viðmið fyrir samhengi

Dæmi um samskipti, athafnir og aðstæður sem skapa grundvöll fyrir læsi í leikskólum og fyrsta bekk grunnskóla		
Samskipti	Viðmót fullorðinna	Einkenni samskipta
<ul style="list-style-type: none"> Samskipti milli yngri og eldri barna Samskipti milli barns og fullorðins (maður á mann) 	<ul style="list-style-type: none"> Jákvæður í garð barnsins Nær merkingu barnsins – skilur skilaboðin Býður upp á samtal – hlustar og svarar Viðurkenning 	<ul style="list-style-type: none"> Fangar athygli barnsins Viðheldur athygli barnsins Eykur reynslu barnsins, flókna/skýra
Athafnir		Aðstæður
<ul style="list-style-type: none"> Hlutverkaleikur Rammaleikur Að lesa upphátt Að skiptast á að lesa upphátt Teikning 		<ul style="list-style-type: none"> Efniviður fyrir lestur og skrift Lestrarsvæði Skriftar -og teiknisvæði Hljóð -og hlustunarsvæði Tölvusvæði

Í framhaldi af lestri, fyrirlesturum og umræðum um hvernig hægt væri að tengja á markvissan hátt leiki og ritmál á báðum skólastigum tóku kennararnir í Selásskóla og Rauðaborg ákvörðun um að afmarka sig við nokkur sameiginleg viðfangsefni sem unnin yrðu á báðum skólastigum. Fyrir valinu urðu sögubækur, búðarleikur, brúðuleikhús, ritmál á leiksvæðum og leikur með stafi. Þannig var lögð áhersla á að örva ritmálið á markvissan hátt í gegnum leiki og tjáningu. Hér verður gerð grein fyrir hvernig unnið var með þessi viðfangsefni á báðum skólastigum.

Sögubækur

Í Selásskóla hefur töluverð áhersla verið lögð á sögugerð í 1. bekk. Hvert barn á sína sögubók og skrifar í hana sögur ýmist heima eða í skólanum. Börnin skiptast síðan á að lesa upp úr bókunum fyrir bekkinn á svokölluðum sögustól. Leikskólakennararnir í Rauðaborg ákváðu að nýta þessa leið til að ýta undir áhuga leikskólakennara á ritmáli. Ákveðið var að í stað einstaklingssögubókar hefðu leikskólakennararnir sameiginlega sögubók sem þau skrifuðu í eftir vettvangsferðir. Þau rífa þá upp ferðina í sameiningu og leikskólakennari skrifar söguna þeirra niður. Börnin teikna síðan mynd við söguna til skiptis. Börnin byrja þannig á því að vinna í sögubækur í leikskólanum og þegar þau koma í grunnskólann er byggt á þeirri reynslu þótt ekki sé unnið nákvæmlega eins á hvoru skólastigi fyrir sig. Þannig er leitast við að skapa samfellu milli verkefna leikskólans og grunnskólans.

Búðarleikur

Ákveðið var að byrja með búðarþema á báðum stöðum. Börnin komu með efnivið í búðina að heiman, alls konar umbúðir af mat og öðrum heimilisvörum. Þannig sköpuðust tengsl við heimili barnanna og grundvöllur fyrir umræður um tengsl leiks og náms. Starfsfólkið sá svo um að koma með annan efnivið eins og búðarkassa eða reiknivélar, poka og fleira. Börnin bjuggu sjálf til peninga, kennararnir ljósrituðu líka leikpeninga sem börnin klipptu út og í Rauðaborg bjuggu öll börnin sér til greiðslukort. Kennararnir sáu einnig fyrir ritföngum í búðina sem börnin nota til að verðmerkja, búa til verðlista og fleira.

Að beiðni barnanna byrjuðu leikskólakennararnir í Rauðaborg á því að stýra börnunum töluvert og sýndu þeim hvernig og hvað væri hægt að gera með efniviðinn. Síðan stendur til að börnin stjórni meira sjálf og kenni yngri börnunum að nota efniviðinn smám saman.

Búðarleikurinn hefur verið aðgengilegur í hópastarfi elstu barnanna en það stendur til að breyta því þegar börnin hafa kynnst honum betur og hafa þá gott aðgengi að honum í frjálsum leikstundum. Í grunnskólanum stýrði kennari leiknum með þemakassana minna en greip inn í með athugasemdum eða spurningum og aðstoðaði ef til hans var leitað.



Mynd 1 – Búðarleikur.

Búðinni var komið fyrir á annarri deildinni í Rauðaborg á meðan á leiknum stóð. Þegar hún var ekki í notkun var hún geymd í kössum. Í Selásskóla ákvað kennarinn að nýta svæði fyrir utan skólastofuna sem leiksvæði. Þar var efniviðnum fyrir búðarleikinn komið fyrir. Því má segja að þar hafi myndast nýtt leiksvæði.

Í búðarleiknum var lögð áhersla á tjáningu og ritmál, börnin voru hvött til að tala saman í búðinni og ræða til dæmis um hvað þau væru að kaupa og hvers vegna. Þau fengu einnig ritföng til að nota í búðarleiknum og skrifuðu til dæmis minnismiða yfir það sem þau ætluðu að kaupa. Þar sem börnin höfðu vasareikni og fjölluðu um verð í leiknum var óvænt mikil áhersla á stærðfræði í búðarleiknum.



Mynd 2 – Brúðuleikhús.

Brúðuleikhús

Annað viðfangsefni, sem ákveðið var að taka fyrir var brúðuleikhús. Var það gert í þeim tilgangi að örva tjáningu og málþroska barnanna. Unnið var á svipaðan hátt með brúðuleikhúsin á báðum skólastigum fyrir utan það að börnin í Selásskóla notuðu brúður sem til

eru í skólanum en börnin í Rauðaborg bjuggu til sínar eigin brúður. Börnin þar tóku þátt í barnamenningarhátíð í samstarfi við Tónskóla Sigursveins og í tengslum við hana bjuggu þau sér til brúður úr pappír. Leikskólakennararnir fengu því þá hugmynd að nota brúðurnar í brúðuleikhúsinu. Börnin vinna tvö og tvö saman eða í litlum hópum og byrja að semja leikritið en síðan skiptast þörin eða hóparnir á um sýna leikritin sín fyrir öllum hópnum.



Mynd 3 – Kubbasvæði.

Ritmál á leiksvæðum

Í Rauðaborg fá börnin að velja sér viðfangsefni á leiksvæðum á hverjum degi. Leikskólakennararnir ákváðu að bæta ritmáli inn á tvö þessara svæða þar sem börnin nota annars vegar kubba og fara hins vegar í hlutverkaleik. Þeir byrjuðu á kynna fyrir börnunum ýmsa möguleika, svo sem að þau gætu skrifað á miða hvað þau höfðu byggt og merkt bygginguna. Fyrst um sinn var þetta einungis kynnt elstu börnunum en hugmyndin er að ritmáls-efnið verði á leiksvæðum allra barnanna og að þau geti nýtt það þegar og ef þau vilja. Þarna leika sér saman börn á ólíkum aldri og þannig læra þau yngri af þeim eldri og börnin hjálpast að. Markmiðið með þessu er að færa ritmálið inn á leiksvæði sem börnin þekkja en einnig að reyna að tengja ritmál og læsi við leik barnanna.



Mynd 4 – Leikur með stafi.

Leikur með stafi

Leikskólakennararnir í Rauðaborg hafa unnið með litla stafi í hópatímum með elstu börnunum. Börnin hafa setið saman við borð og raðað stöfum saman í orð sem þau þekkja. Þau vinna saman, finna stafi hvert fyrir annað og hjálpast að við að mynda orð. Seinna skrifa börnin orðin sem þau búa til á blað. Þegar kennararnir fóru að huga að tengslum leiks og ritmáls ákváðu þeir að hafa stafina sem hluta af efniviði sem börnin hafa frjálst aðgengi að þannig að þau geti leikið sér með stafina þegar þau vilja.

Lokaorð

Starfendarannsókninni *Á sömu leið* er ekki lokið. Þó lokamat og úrvinnsla úr gögnum rannsóknarinnar hafi ekki farið fram á þessu stigi er ljóst að kennararnir í Rauðaborg og Selásskóla töldu kosti þess að tengja leiki við ritmálsörvun og tjáningu vera þá að með leik sem náms- og kennsluaðferð væri auðvelt að fá börn til að taka þátt. Börnunum þótti leikurinn skemmtilegur hvort sem um var að ræða búðarleik eða leik með kubba og stafi. Börnin gátu valið að taka þátt svo og hlutverk sitt í leiknum. Börnin fengust við og lærðu um ritmálið í gegnum verkefni sem höfðu merkingu fyrir þau. Sem dæmi má nefna búðarleik sem tekur til reynsluheims nútímabarna. Börnin fengu tækifæri til að tengja námið við fyrri reynslu og þekkingu. Með því að nýta leik á ofangreindan máta lærðu börnin ýmislegt sem tengdist ritmáli á fjölbreyttan hátt í samskiptum við félagi sína. Í Selásskóla myndaðist nýtt leiksvæði úr sameiginlegu rými sem lítið var notað áður. Það nýttist vel fyrir búðar- og hlutverkaleik barnanna. Þátttaka foreldra fólst í því að koma með umbúðir og leikmuni í búðina og var hún góð tenging við heimili barnanna og tilvalið tækifæri fyrir kennara að sýna foreldrum fram á gildi leiks í námi barnanna.

Kennararnir í Rauðaborg og Selásskóla töldu verkefnið hafa krafist þess að þeir rannsökuðu eigið starf og reyndu að skilja það betur og þróa til betri vegar. Þeir eru sannfærðir um að þessi vinna hafi skilað bæði þeim og börnunum árangri. Kennararnir töldu að auðvelt hefði verið að koma verkefninu inn í hópstarf í Rauðaborg en tíminn í Selásskóla var af skornum skammti og fannst kennaranum í Selásskóla ákjósanlegra að verkefnið væri inni í stundaskrá. Kennarar almennt virðast þurfa að rökstyðja sérstaklega hvers vegna þeir velja leiki sem náms- og kennsluaðferð fremur en aðrar hefðbundnar kennsluaðferðir. Þeir virðast einnig þurfa að sýna fram á að börnin hafi lært ákveðna færni í leiknum. Með hefðbundnum kennsluaðferðum stýra námsbækur eða verkefni ferðinni og þar kemur fram það sem ætlast er til að börnin læri. Þegar leikur er nýttur sem námsleið er mikilvægt að kennarar hafi ákveðin markmið og skrái sérstaklega það nám sem fram fer hjá börnunum. Í starfendarannsókninni fór skráning fram með ljósmyndum, myndbandi og vettvangsathugunum. Umræður kennaranna í rannsókninni um kosti og annmarka leiks við örvun ritmáls og læsis voru áhugaverðar og vekja upp spurningar um hvernig kennarar geta stutt hver annan við að nota leik sem markvissa náms- og kennsluaðferð. Stuðnings- og umræðuhópar kennara um leiki svipaðir þeim sem settir voru á fót í þessari rannsókn gætu verið áhugaverð tilraun.

Þakkir

Leikskólasvið og Menntasvið Reykjavíkurborgar veittu styrk til þessarar rannsóknar sem hér með er þakkaður. Jafnframt hlaut verkefnið styrk frá Comeniusar-áætlun Evrópusambandsins. Kennararnir sem tóku þátt í rannsókninni voru Hrefna Jónsdóttir, kennari í Selásskóla og Margrét Gunnarsdóttir og Unnur Hermannsdóttir, kennarar í leikskólanum Rauðaborg. Greinarhöfundar þakka þeim fyrir gott og gefandi samstarf.

Heimildir

Broström, S. (2005). Transition problems and play as transitory activity. *Australian Journal of Early Childhood*, 30(3): 17–25.

Fabian, H. og Dunlop, A.–W. (2005). The importance of play in the transition to school. Í J. Moyles (ritstjóri), *The excellence of play* (bls. 228–241). London/New York: Open University Press.

Johnson, J., Christie, J. og Wardle, F. (2005). *Play, development, and early education*. New York: Pearson.

Johansson, E. og Pramling Samuelson, I. (2006). *Lek och läroplan: Möten mellan barn och lärare i förskola och skola*. Göteborg: Göteborg Universitet.

Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur. Tengsl leikskóla og grunnskóla*.

Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jóhanna Einarsdóttir. (2010a). Á sömu leið: Starfendarannsókn á mótum leik- og grunnskóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/017.pdf>

Jóhanna Einarsdóttir. (2010b). *Leikur og nám á mótum skólastiga*. Sótt 15. október 2010 af http://www.stofnanir.hi.is/rannung/sites/files/rannung/B%C3%A6klingurLeikurN%C3%A1m_0.pdf

Leikskólinn Rauðaborg. (2010). Sótt 20. október, 2010 af <http://www.raudaborg.is/>

Lillemyr, O. F. (1995). Utvikling, lek og læring. Í D. Skram (ritstjóri), *Det beste fra barnehage og skole* (bls. 37–70). Oslo: Tano.

Mellgren, E., Jensen, A. S., og Hansen, O. H. (2010). Early literacy learning in the perspective of the child: Literacy stories. Í H. Müller (ritstjóri), *Transition from pre-school to school: Emphasizing early literacy*. Köln: EU-Agency, Regional Government of Cologne/Germany. Sótt 23 október 2010 af <http://www.ease-eu.com/documents/compendium/compendium.pdf>

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Höfundur.



Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2010). *Leikur – ritmál – tjáning: Starfendarannsókn um aukið samstarf leikskóla og grunnskóla*. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/003.pdf>